

Nd. 553. Frumvarp til laga [236. mál]

um breyting á lögum nr. 14 15. marz 1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 104 31. desember 1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt, að fjárhæð 2½% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum, öðrum en tekjum sjómanna, lögskráðra á íslensk fiskiskip, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1973. Launaskattur skal greiddur samkvæmt lögum þessum af launum, sem greidd eru vegna starfa, sem unnin eru frá og með 1. janúar 1973.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Er fiskverð var ákveðið um s. l. áramót, gaf ríkisstjórnin fyrirheit þess efnis, að hún myndi beita sér fyrir, að launaskattur (2,5%) af launagreiðslum til lögskráðra áhafna á fiskiskipum yrði felldur niður frá og með 1. janúar 1973. Frumvarp þetta er flutt til efnda á fyrirheiti þessu.

Um 1. gr.

Greinin er samhljóða 1. gr. núgildandi laga með þeirri viðbót, að undanþegnar frá launaskatti eru tekjur áhafna lögskráðra á íslensk fiskiskip. Nær undanþágan einnig til tekna landmanna, svo framarlega sem landmenn þessir séu lögskráðir. Sé fiskiskip hins vegar notað til að sinna öðrum verkefnum en fiskveiðum, ber að greiða launaskatt af tekjum áhafnar fyrir þá vinnu samkvæmt aðalreglum laganna.

Um 2. gr.

Lög nr. 104/1972 um breyting á lögum nr. 14/1965 falla úr gildi 31. des. 1973. Þykir rétt að takmarka gildi laga þessara við sama tíma.